

Fundargerð 42. stjórnarfundar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn miðvikudaginn 22. desember kl 14.00. Fundurinn var haldinn sem fjarfundur.

Mætt voru. Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður, Aðalbjörg Óskarsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Kristján Jón Guðmundsson, Kristján G. Jóakimsson og Þórir Guðmundsson. Auk þeirra sat fundinn Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður kynnti að Shiran Þórisson hefði boðað forföll og í hans stað sæti fundinn Halldór Halldórsson. Þetta er fyrsti fundur Halldórs í stjórninni og bauð formaður hann velkominn til starfa. Formaður kynnti einnig að Marzelíus Sveinbjörnsson, hefði boðað forföll og í hans stað sæti fundinn Daníel Jakobsson.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Starfsáætlun Vestfjarðastofu 2022

Fundur stjórnar FV

2. Áheyrnarfulltrúar í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga
 - a. Tálknafjarðarhreppur
 - b. Strandabyggð
3. Dagsetningar Fjórðungspinga á árinu 2022
4. Lagt fram til kynningar
 - a. Úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða 2022
 - b. Tilnefning varamanns Ísafjarðarbæjar í stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða
 - c. Fundargerð 165. fundar SSV 17. nóv. 2021
<https://ssv.is/wp-content/uploads/2021/11/165-fundur-stjornar-SSV-fundargerð.pdf>
 - d. Fundargerð 71. fundar stjórnar SSNV 9. desember 2021
<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-71-fundar-stjornar-ssnv-7-desember-2021>
 - e. Fundargerð – 32. fundar stjórnar SSNE 8. des 2021 -
<https://www.ssne.is/is/fundargerdir/stjorn-ssne/fundargerð-stjorn-ssne-32-fundur-8-desember-2021>
 - f. 576. stjórnarfundur SASS. 3. des 2021 - <https://www.sass.is/576-fundur-stjornar-sass/>
 - g. 774. Stjórnarfundur SSS 15. des 2021 - <https://sss.is/blog/fundur/774-stjornarfundur-sss-15-desember-2021/>
5. Umsagnir:
 - a. Afgreiddar umsagnir
 - i. Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2022
 - b. Umsagnarbeiðnir
 - i. Landgræðsla – lagt til að ekki verði send umsögn um málið
 - c. Umsagnir til skoðunar

Gengið til dagskrár.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Starfsáætlun Vestfjarðastofu 2022

Framkvæmdastjóri tók til máls og lagði fram Starfsáætlun Vestfjarðastofu fyrir árið 2022 á grundvelli tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 sem jafnframt er lögð fyrir fundinn.

Framkvæmdastjóri fór yfir efni fjárhagsáætlunar. Áætlunin er grundvölluð á fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2022 auk framlaga vegna samninga við ráðuneyti eða stofnanir þeirra. Útgjöld eru í samræmi við samninga við ráðuneyti og stofnanir og markmið starfsáætlunar.

Til máls tóku, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Aðalheiður Óskarsdóttir, Daníel Jakobsson, Elísabet Gunnarsdóttir, Kristján G Jóakimsson, Kristján Jón Guðmundsson og framkvæmdastjóri.

Formaður gerði tillögu um að fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 verði samþykkt.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóri tók til máls og kynnti efni Starfsáætlunar Vestfjarðarstofu fyrir árið 2022.

Til máls tóku, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Halldór Halldórsson, Daníel Jakobsson, Elísabet Gunnarsdóttir og Kristján G Jóakimsson

Formaður gerði tillögu um að Starfsáætlun Vestfjarðarstofu fyrir árið 2022 verði samþykkt.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Halldór Halldórsson vék af fundi

Fundur stjórnar FV

2. Áheyrnarfulltrúar í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Lögð fram svör sveitarstjórna til kynningar við erindi FV frá 3. desember s.l. um skipan áheyrnarfulltrúa úr sveitarstjórnnum sem ekki eiga aðalmenn í stjórn FV. Áheyrnarfulltrúar eigi seturétt á stjórnarfundum Fjórðungssambands Vestfirðinga. Framangreind breyting er gerð á grundvelli breytinga á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga sem samþykktar voru á 66. Fjórðungspingi frá í október s.l..

a. Tálknafjarðarhreppur

Lagt fram bréf dags 10. desember s.l. frá sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps þar sem kynnt er samþykkt sveitarstjórnar frá 9. desember s.l. um skipan Lilju Magnúsdóttur sem áheyrnarfulltrúa sveitarstjórnar.

b. Strandabyggð

Lagður fram tölvupóstur dags 15. desember s.l. frá Strandabyggð þar sem kynnt er samþykkt sveitarstjórnar frá 14. desember s.l. um skipan Jóns Jónssonar sem áheyrnarfulltrúa sveitarstjórnar.

3. Dagsetningar Fjórðungsþinga á árinu 2022

Með hliðsjón af tillögu í starfsáætlun Vestfjarðastofu er lagt fram minnisblað frá sviðsstjóra um dagsetningar þinga FV á árinu 2022, sem hér segir;

67. Fjórðungsþing að vori verði haldið, miðvikudaginn 6. apríl, Fjórðungsþings að hausti verði haldið föstudag 9. og laugardag 10. september og aukabing á kosningarári verði haldið þriðjudaginn 14. júní.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

4. Lagt fram til kynningar

a. Úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða 2022

Lagt fram til kynningar minnisblað frá Menningarfulltrúa Vestfjarða um úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2022.

Umsóknir voru 101 talsins en veitt ný styrkvilyrði voru 57, árangurshlutfall var þannig 57%. Heildarupphæð styrkvilyrða var 54.450.000 kr. Við þá upphæð bætast 12.650.000 kr. sem var úthlutað á árunum 2020-21 til verkefna sem tóku til fleiri en eins árs. Heildarúthlutun fyrir árið 2022 var því 67.100.000 kr. sem deilist á 64 verkefni.

b. Tilnefning varamanns Ísafjarðarbæjar í stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða

Lagt fram til kynningar svar við erindi Fjórðungssambands Vestfirðinga, dags. 3. desember 2021, um tillögu til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um skipan varmanns í stjórn Fjórðungssambandsins.

Bæjarráð lagði til á fundi 6. desember s.l. að leggja til við bæjarstjórn að Daníel Jakobsson verði kosinn varamaður í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga. Tillaga þessa efnis var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 16. desember s.l.

Formaður bauð Daníel velkomin til starfa í stjórn Fjórðungssambandsins.

c. Fundargerð 165. fundar SSV 17. nóv. 2021. Lagt fram til kynningar

<https://ssv.is/wp-content/uploads/2021/11/165-fundur-stjornar-SSV-fundargerð.pdf>

d. Fundargerð 71. fundar stjórnar SSNV 9. desember 2021. Lagt fram til kynningar

<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-71-fundar-stjornar-ssnv-7-desember-2021>

e. Fundargerð – 32. fundar stjórnar SSNE 8. des 2021 Lagt fram til kynningar

<https://www.ssne.is/is/fundargerdir/stjorn-ssne/fundargerð-stjorn-ssne-32-fundur-8-desember-2021>

f. 576. stjórnarfundur SASS. 3. des 2021 – Lagt fram til kynningar

<https://www.sass.is/576-fundur-stjornar-sass/>

- g. 774. Stjórnarfundur SSS 15. des 2021 – Lagt fram til kynningar
<https://sss.is/blog/fundir/774-stjornarfundur-sss-15-desember-2021/>
- 5. Umsagnir:
 - a. Afgreiddar umsagnir
 - i. Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2022, 1. mál 152. löggjafarþings.
Sviðsstjóri fór yfir efni umsagnar Fjórðungssambands Vestfirðinga sem send var þann 12. desember s.l. og viðbrögð við álitni meirihluta fjárlaganefndar sem lagt var fram 21. desember s.l..
 - b. Umsagnarbeiðnir
 - i. Þingsályktun um þjóðaáttak í landgræðslu, 96. mál.
Sviðsstjóri leggur til að ekki verði send umsögn um málið. Tillagan samþykkt
 - c. Umsagnir til skoðunar
Engin mál eru til skoðunar að þessu sinni.

Formaður kynnti að ekki væru fleiri mál á dagskrá. Óskaði hún stjórn og starfsmönnum gleðilegrar hátíðar, farsældar á komandi ári og þakkaði samstarfið á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri tóku undir kveðju formanns.

Fleira ekki gert og fundi slitið 15.12.